

**Ed.**

## **104. Frumvarp til laga**

um sildarverksmiðju á Sauðárkróki.

Flm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Ef félag einstakra manna hefir ekki fyrir 1. apríl 1938 fengið leyfi til að reisa sildarbræðsluverksmiðju á Sauðárkróki og lagt fram fullnægjandi skilríki fyrir, að það hafi fé til þess, lætur ríkisstjórnin reisa þar sildarbræðsluverksmiðju, sem vinni úr minnst 2000 málum sildar á sólarhring, og er heimilt að taka að láni fyrir hönd ríkissjóðs það fé, sem þarf í þessu skyni, enda sé verksmiðjan fullgerð fyrir lok júní-mánaðar 1939 og geti tekið til starfa þá.

2. gr.

Sauðárkrókshreppur leggur til ókeypis lóð undir verksmiðjuna, ef hún verður reist fyrir fé ríkissjóðs.

3. gr.

Um stjórn og rekstur verksmiðjunnar fer eftir þeim reglum, sem gilda um aðrar slíkar verksmiðjur ríkissjóðs, ef hún verður reist fyrir hans fé.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Á Sauðárkróki er nú verið að gera höfn, sem mun kosta að minnsta kosti 600000 kr. Er tilætlanin, að hún verði fullgerð haustið 1938. Á Sauðárkróki er ekki, eins og stendur, mikil útgerð til fiskveiða, en það er kunnugra en frá þurfi að segja, að sildarganga er oft mikil á Skagafirði. Liggur því beint við að setja á stofn sildarbræðsluverksmiðju þar, enda er hafin þar talsverð sildarsöltun, en hún getur tæpast þrífizt þar til lengdar og aukizt, nema jafnframt sé hægt að bræða þar þá sild, sem ekki reynist söltunarhæf.

Sauðárkrókur er meðal stærstu kaupúna landsins, og liggur í augum uppi, að nauðsynlegt er að hrinda af stað þar fyrirtæki, sem geti veitt þorpsbúum atvinnu.

Í framsögu verður gerð nánari grein fyrir frv. og einstökum ákvæðum þess.